

## 9. fundur sveitarstjórnar Fljótaldalshrepps, Végarði 5.12. 2022, kl. 13:30

---

Mætt til fundar: Anna Jóna Árnarsdóttir, Jóhann F. Þórhallsson, Halla Auðunardóttir, Kjartan Benediktsson, Lárus Heiðarsson og Helgi Gíslason sveitarstjóri. Einnig sátu fundinn Sigurður Álfgeir Sigurðarson endurskoðandi sveitarfélagsins undir lið 1 og Kristinn Bjarnason undir lið 4, 5, 6, 7 og 11 í fjarfundarbúnaði.

Samþykkt að taka inn á fundinn undir lið 8 fundargerð Samfélagsnefndar

### Dagskrá:

1. Fjárhagsáætlun 2023-síðari umræða og þriggja ára áætlun
2. Viðauki 1 við fjárhagsáætlun 2022
3. Gjaldskrár og samþykktir
4. Byggðakjarni
5. Skólasamningur
6. Samningur um sameiginlega félagsþjónustu
7. Umhverfis og loftslagsnefnd
8. Fundargerðir:
  - a. 1. Verkfundur-Hengifoss-þjónustuhús 18.11.2022
  - b. Almannavarnarnefndar Austurlands 14.11.2022
  - c. Aðalfundundar Héraðsskjalasafns Austurlands 15.11.2022
  - d. Aðalfundur Samtaka orkusveitarfélaga 11.11.2022
  - e. Stjórnar Samtaka orkusveitarfélaga 21.10.2022
  - f. Stjórnar Samtaka orkusveitarfélaga 11.11.2022
  - g. Stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga 25.11.2022
  - h. Vatnajökulsþjóðgarður-svæðisráð austursvæðis 5.8.2022
  - i. Samfélagsnefnd 16.11.2022
9. Skýrsla stjórnar Samtaka orkusveitarfélaga 2020-2022
10. Ársreikningur Samtaka orkusveitarfélaga 2021
11. Erindi frá Steingrími Karlssyni
12. Skýrsla sveitarstjóra
13. Önnur mál:

## 1. Fjárhagsáætlun 2023-síðari umræða og þriggja ára áætlun

Sigurður fór yfir útkomuspá ársins 2022, fjárhagsáætlun ársins 2023 og þriggja ára áætlun áráanna 2024-2026. Sigurður fór yfir breytingar á fjárhagsáætlunar frá fyrri umræðu og frá vinnufundum Sveitarstjórnar 16 nóvember sl. og 24 nóvember sl.

Áætluð afkoma skv. útkomuspá ársins 2022 er með afskriftum áætluð neikvæð (A og B hluti) 15,8 millj. Afskriftir eru áætlaðar 31,4 millj. Fjárfestingar eru áætlaðar nettó samtals 101 millj. vegna þjónustuhús við Hengifossá.

Áætluð afkoma ársins 2023 er með afskriftum áætluð jákvæð (A og B hluti) 33,2 millj. Afskriftir eru áætlaðar 27,7 millj. Söluhagnaður fastafjármuna er áætlaður 31,3 millj. Fjárfestingar eru áætlaðar nettó samtals 260 millj. og er þjónustuhús við Hengifossá þar á meðal, en eignasala er áætluð fyrir 100 millj.

Áætluð afkoma ársins 2024 (A og B hluti) er með afskriftum áætluð jákvæð 0,1 millj. Afskriftir áætlaðar 28,8 millj. Fjárfestingar ætlaðar að fjárhæð 30 millj.

Áætluð afkoma ársins 2025 (A og B hluti) með afskriftum er áætluð jákvæð 0,3 millj. Afskriftir áætlaðar 29,1 millj. Áætlaðar fjárfestingar 30 millj.

Áætluð afkoma ársins 2026 með afskriftum (A og B hluti) er áætluð jákvæð 0,5 millj. Afskriftir áætlaðar 30 millj. Áætlaðar fjárfestingar 30 millj. Handbært fé í lok tímabils er áætlað 17,3 millj.

Ekki er færð hlutdeild Fljótsdalshrepps í byggðasamlögum og öðrum félögum inn í fjárhagsáætlun sveitarfélagsins þrátt fyrir ákvæði reglugerðar nr. 14/2022 og reglugerðar 1212/2015 þar um. Ástæður þessa eru þær að hlutdeild sveitarfélagsins í afkomu og eigin fé hvernar einingar er óverulegt og eins hafa samanlögð áhrif þessara eininga óveruleg áhrif á rekstur og fjárhag Fljótsdalshrepp . Framlög til umræddra eininga þar sem það á við, er færð í fjárhagsáætlunina. Lagt var fram yfirlit yfir hlutdeild hreppsins í umræddum félögum samhliða afgreiðslu fjárhagsáætlunar. Skuldaviðmið skv. reglugerð um fjárhagsleg viðmið fyrir samstæðureikning A og B hluta er 0% öll ár fjárhagsáætlunarinnar. Skuldaviðmiðið væri einnig 0% ef áðurnefnd byggðasamlög og önnur félög væru inni í fjárhagsáætluninni.

Til samræmis við 66. gr. Sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011 og samhliða umfjöllun og samþykkt fjárhagsáætlunar Fljótsdalshrepps vegna ársins 2023 og þriggja ára áætlunar áráanna 2024-2026, eru lögð fram gögn um mat á áhrifum fjárfestingar sveitarfélagsins í þjónustuhúsi við Hengifossá á fjárhag sveitarfélagsins.

Að loknum umræðum var lögð fram eftirfarandi bókun:

„Sveitarstjórn samþykkir framlagða fjárhagsáætlun fyrir árið 2023, ásamt þriggja ára áætlun 2024 – 2026.“

Samþykkt samhljóða.

## 2. Viðauki 1 við fjárhagsáætlun 2022

Sveitarstjórn leggur fram svohljóðandi viðauka nr. 1 við fjárhagsáætlun 2022:

Deild 1031 Rekstur gatnakerfis (Aðalsjóður): Gjöld innan við það sem gert var ráð fyrir í fjárhagsáætlun, lækkun gjalda samtals 20.000.000 króna

Deild 1189 Umhverfisstyrkir (Aðalsjóður): Gjöld umfram það sem gert var ráð fyrir í fjárhagsáætlun, Gjöld samtals 20.000.000 króna

Deild 1321 Fjallskil (Aðalsjóður): Gjöld innan við það sem gert var ráð fyrir í fjárhagsáætlun, lækkun gjalda samtals 6.000.000 króna

Deild 3131 Félagsheimili - Végarður (Eignasjóður): Gjöld innan við það sem gert var ráð fyrir í fjárhagsáætlun, lækkun gjalda samtals 3.500.000 króna

Deild 3132 Byggðakjarni (Eignasjóður): Gjöld umfram það sem gert var ráð fyrir í fjárhagsáætlun, Gjöld samtals 6.000.000 króna

Deild 5734 Fjósakambur 8 (Félagslegar íbúðir): Tekjur (söluhagnaður) umfram það sem gert var ráð fyrir í fjárhagsáætlun, Tekjur samtals 13.000.000 króna

Deild 58XX Eignasala (Félagslegar íbúðir): Eignasala umfram það sem gert var ráð fyrir í fjárhagsáætlun, lækkun fastafjármuna samtals 2.000.000 króna og uppgreiðsla langtímaláns samtals 8.000.000.

Deild 32XX Fjárfestingar (Eignasjóður): Fjárfestingar innan þess sem gert var ráð fyrir í fjárhagsáætlun, lækkun fjárfestinga samtals 99.000.000 króna.

Breyting viðauka í reikningshaldi sveitarfélagsins er hækkun tekna að fjárhæð 13.000.000 króna og lækkun útgjalda að fjárhæð 3.500.000 króna. Jafnframt lækkun fjárfestinga samtals 99.000.000 króna og uppgreiðsla langtímaláns samtals 8.000.000 Nettó breyting viðaukans er hækkun á handbæru fé að fjárhæð 107.500.000 króna.

Viðaukinn er samþykktur.

## 3. Gjaldskrár og samþykktir

Sveitarstjórn samþykkir að útsvarsprósenta Fljótsdalshrepps verði 12,44%, sorpgjald verði 14.000 og rotþróargjald verði kr. 12.000 á hverja rotþró.

Álagningarprósentur fasteignaskatts verði 0,40% A flokkur, 1,32% B flokkur og 1,65 % C flokkur.

Samþykkt að reglur um niðurfellingu, eða styrki vegna fasteignaskatts verði óbreyttar 2023.

Álagningar- og innheimtureglur vegna fasteigna- og þjónustugjalda 2023. Samþykkt að afsláttur (skv. reglunum ) til örorku-og ellilífeyrisþega sem rétt eiga á niðurfellingu fasteignaskatts á samþykktu íbúðarhúsnæði sem viðkomandi býr í verði kr. 70.000,- . Samþykkt að tekjumörk einstaklinga verði kr. 4.000.000,- og hjóna og samskattaðs sambýlisfólk verði kr. 5.500.000,- Fullur afsláttur er veittur upp að þeim tekjumörkum.

Samþykkt að námsstyrkir til framhaldsskólanema 16-25 ára verði áfram veittir á árinu 2023 og verði kr. 125.000,- per önn.

Samþykkt að menntastyrkir verði veittir 2023 og verði kr. 250.000,- , gildi sömu reglur og 2021.

Samþykkt að frístundastyrkir fyrir hvern einstakling á aldrinum 6-18 ára verði í kr. 40.000,- 2023.

Samþykkt að reglur um sauðfjárvótakaupa verði 30% af kaupverði kvóta.

Samþykkt að styrkja á árinu 2022 sauðfjábændur í Fljótsdal, sem láta bólusetja við garnaveiki, sem nemur kostnaði við lyf.

Samþykkt að verktakataxti fyrir grenjaleit verði kr. 6.000 á tímann.

Foreldragreiðsla og greiðsla vegna vistunar barns hjá dagforeldri er að hámarki kr.35.000 á mánuði fyrir hvert barn á árinu 2023.

Reglur um sérstakan húsnæðisstuðning hjá Fljótsdalshreppi. Samþykktar óbreyttar.

Samþykkt að launakjör sveitastjórnar og nefnda taki breytingum sem nemur launavísitölu frá desember 2021 til desember 2022.

Samþykkt að reglur um umhverfisstyrkir 2023 verði óbreyttir frá 2021.

Gjaldskrár samþykktar af sveitarstjórn

*Sigurður Álfgeir yfirgaf fundinn*

*Kristinn Bjarnason kom inn á fundinn*

#### **4. Byggðakjarni**

Kristinn fór yfir stöðuna á verkefninu, en það hefur dregist að koma málinu af stað vegna óvissu um eignarhald. Samþykkt að fela sveitarstjóra að skoða möguleika á að reisa byggðina á öðrum stað.

#### **5. Skólasamningur**

Fyrri umræða um þjónustusamning vegna barna með lögheimili í Fljótsdalshreppi sem stunda nám í skólum Múlaþings.

Samningurinn samþykktur samhljóða

#### **6. Samningur um sameiginlega félagsþjónustu**

Fyrri umræða um samning við Múlaþing um almenna félags- og barnaverndarþjónustu

Samningurinn kynntur og ræddur. Skoða þarf lið 7.6 sérstaklega og sveitarstjóra falið að skoða málið

#### **7. Umhverfis- og loftlagsnefnd.**

Í upphafi yfirstandandi kjörtímabils setti sveitarstjórn á laggirnar nýja nefnd sem fékk heitið umhverfis- og loftlagsnefnd. Unnið hefur verið að því að skilgreina nánar hlutverk og verkefni nefndarinnar en þau skulu vera:

1. Fara með lögbundið hlutverk náttúruverndarnefndar samkvæmt 14. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd sbr. og reglugerð nr. 205/1973.
2. Gera tillögur að árlegri endurskoðun umhverfis- og loftslagsstefnu Fljótsdalshrepps auk tillagna um framkvæmd stefnunnar, forgangsröðun verkefna, kostnaðarmat og eftirlit með framkvæmd.
3. Hafa umsjón með málum er varða úrgang og förgun hans, gera tillögur til sveitarstjórnar að samþykktum vegna úrgangsmála og tillögur að hönnun grenndarstöðva.
4. Sveitarstjórn getur einnig vísað til nefndarinnar málum til umsagnar er varða náttúruvernd, dýravernd og stjórnun veiða á villtum fuglum og spendýrum, hollustuhætti og mengunarvarnir, varnir gegn ofanflóðum og rannsóknum á sviði umhverfismála.

#### **8. Fundargerðir:**

- a. 1. Verkfundur-Hengifoss-þjónustuhús 18.11.2022  
Kynnt
- b. Almannaþingarnefndar Austurlands 14.11.2022  
Kynnt
- c. Aðalfundundar Héraðsskjalasafns Austurlands 15.11.2022  
Kynnt
- d. Aðalfundur Samtaka orkusveitarfélaga 11.11.2022

Kynnt

- e. Stjórnar Samtaka orkusveitarfélaga 21.10.2022

Kynnt

- f. Stjórnar Samtaka orkusveitarfélaga 11.11.2022

Kynnt

- g. Stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga 25.11.2022

Kynnt

- h. Vatnajökulsþjóðgarður-svæðisráð austursvæðis 5.8.2022

Kynnt

- i. Samfélagsnefndar 16.11.2022

Kynnt

#### **9. Skýrsla stjórnar Samtaka orkusveitarfélaga 2020-2022**

Í skýrslunni er fjallað um störf stjórnarinnar og farið yfir helstu verkefni á milli aðalfunda þann 5. nóvember 2020 og 11. nóvember 2022

Kynnt

#### **10. Ársreikningur Samtaka orkusveitarfélaga 2021**

Kynnt

#### **11. Erindi frá Steingrími Karlssyni**

Erindið kynnt. Sveitarstjóra og lögmanni sveitarfélagsins falið að leggja drög að svari fyrir næsta reglulega sveitarstjórnarfund.

#### **12. Skýrsla sveitarstjóra**

Droplaug ætlar að standa fyrir félagsvist sem haldin verður 28. desember í Végarði

Samþykkt að styrkja Gletting um 15.000 kr.

Samþykkt að sveitarfélagið borgi fyrir fram 1.500.000 kr. í stofnframlag til Ársala

Framleiðslustjóri MVA hefur tilkynnt að reising á þjónustuhúsi við Hengifoss seinki til 50 viku þessa árs

#### **13. Önnur mál:**

Rætt var um stöðu umhverfisstyrks sem samþykktur var til ábúanda Glúmsstaða I á árinu 2020. Hluti styrksins hefur verið greiddur en við úttekt hefur komið í ljós að mannvirki það sem styrkurinn var veittur vegna er ekki í samræmi við upplýsingar sem fram komu í umsókn dags. 1.

júní 2020 og ekki í samræmi við samþykkt skipulags- og byggingarnefndar dags. 30. apríl 2021. Af þessum sökum ráðgerir sveitarstjórn að hafna frekari greiðslum umrædds styrks og fella eftirstöðvar hans niður. Ákveðið er að gefa styrkþega færi á að gæta andmælaréttar og koma sjónarmiðum sínum á framfæri áður en ákvörðun verður tekin sem ráðgert er að gera á næsta reglulega fundi sveitarstjórnar í janúar 2023. Frestur styrkþega til að koma athugasemdum á framfæri er til og með 6. janúar 2023.

Jóhann tilkynnti að hann muni segja af sér sem oddviti sveitarstjórnar á fyrsta sveitarstjórnarfundum á nýju ári 2023 af persónulegum ástæðum. Einnig hyggst hann óska eftir að víkja, í það minnsta tímabundið, úr þeim nefndum sem hann situr í fyrir hönd sveitarfélagsins.

Anna Jóna minnir hundaeigendur á að ormahreinsa hunda sína.

Oddviti mun leysa af sveitarstjóra 15. og 16. og svo aftur 21. til 23. desember. Skrifstofa sveitarfélagsins verður lokuð á milli jóla og nýárs

Fundi slitið klukkan 18:40  
Lárus ritaði fundargerð í tölvu